

Dröm om drakar

Höfundur texta: Sanna Tahvanainen (Finnlandi)
Höfundur mynda: Jenny Lucander (Finnlandi)
Schildts & Söderströms, 2015
Var tilnefnd til Barna- og unglingabókaverðlauna Norðurlandaráðs 2016.

Söguþráður: Mamma hennar Bellu er þreytt. Of þreytt til að geta sofnað. Hún getur bara unnið og unnið þangað til eitt kvöldið þegar Bella hvíslar að henni „Láttu þig dreyma um dreka“ og þá fer mömmu að dreyma.

Efnisorð: foreldrar og börn, þreyta, hugmyndaflug, leikur

Samtöl og leikur:

SKOÐA-LESA með yngstu börnunum


Skoðaðu myndirnar í bókinni og leitaðu að dýrum. Hvaða dýr finnur þú? Hvert er uppáhaldsdýrið þitt?

LEIKSKÓLABÖRN

1. Skoðaðu kápumyndina. Um hvað heldurðu að bókin sé?
2. Mömmu hennar Bellu dreymir dreka. Hvað myndi þig langa til að dreyma?
3. Hvað eru mörg mismunandi dýr í bókinni? Hvaða dýr myndir þú vilja hitta?
4. Hvernig heldurðu að Bellu líði?
5. Skoðaðu herbergið hennar Bellu. Hvað heldurðu að henni finnist skemmtilegt?
6. Hvað heldurðu að Bellu langi til að gera með mömmu sinni?

BÖRN KOMIN Á SKÓLAALDUR

1. Mamman telur upp hluti sem byrja á B. Finndu fleiri hluti sem byrja á B og líka er hægt að telja upp.
2. Ímyndaðu þér þinn eigin dreka. Teiknaðu mynd af drekanum og gefðu honum nafn. Skrifaðu líka hvað drekin þinn getur orðið gamall, hvað honum finnst gott að borða og hvað hann er hræddur við.



ISBN 978-952-7486-58-0

3. Hvernig heldurðu að líf Bellu og mömmu hennar breytist eftir að mömmuna dreymdi dreka?

4. Getum við lært eitthvað af draumum okkar?

5. Er draumurinn góður eða vondur?

6. Hvernig finnst þér sambandið vera milli Bellu og mömmu hennar?

BÖRN SEM LESA SJÁLF

1. Hvað fannst þér gott við bókina? Hvað fannst þér ekki eins skemmtilegt? Var eitthvað sem þér fannst óþægilegt? Sérðu mynstur eða tengingu við aðrar sögur?
2. Hvers vegna heldurðu að mamma hennar Bellu sé svona þreytt?
3. Dreymdu dreka er dæmi um ljóðstafi. Finndu fimm önnur dæmi um ljóðstafi sem innihalda líka dýr.
4. Búðu til „þankalista fyrir þreytta“. Taktu saman ráð og ábendingar sem byggja á bókinni en líka rannsóknnum um svefn og slökun. Veldu síðan eina eða fleiri ábendingar sem þú heldur að geti komið þér að gagni eða sem þig langar til að prófa.
5. Ef þú rétt eins og mamma hennar Bellu myndir hvítan „stein“ sem myndi rúlla af stað og springa. Hver myndi þá leynast í „steininum“? Hvað mynduð þið gera saman? Notaðu ímyndunaraflíð, skrifaðu, teiknaðu.
6. Spurðu út í myndirnar.

ÖNNUR BÓK SEM GÆTI VERIÐ GAMAN AÐ LESA:

Vi ör Lajon! Höfundar: Jens Mattsson og Jenny Lucander

MÁLAMOLI

"Dreki"

sænska

Drake

danska

Drage

norska

Drage

íslenska

Dreki

færeyska

Dreki

grænlenska


Uumasorujuk

finnska

Lohikäärme

norðursamíska

Guovdim



Merkið myndir af lesstundinni ykkar með [#nordiskabokslukaren!](#)